

15. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 17. mars 2016 og hófst kl. 15:00

Mætt eru:

Dagrún Þórisdóttir, Kristinn Lárusson, Halldór Stefánsson, Axel Jóhannesson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Skýrsla Leikskólans Barnabóls

Foreldrasamtöl og starfmannasamtöl fóru fram í mars.

Lítill veikindi á starfsfólki og daglegt starf gengur mjög vel. Munar mikið um 50% stuðningsstöðu.

Leikskólastjóri óskar eftir að færa fyrirhugaðann starfsdag frá 11. apríl til 22. apríl svo starfsmenn geti nýtt sér endurmenntunarnámskeið á stafrænni kennslu sem fer fram á Vopnafirði þann dag. Samþykkt samhljóða.

Skilti frá Grænfánanum komið á húsið.

Stefnan hefur verið sett á eins árs innleiðingarferli námsefnisins „Leikur að læra“.

Leikskólastjóri lagði fram drög að skóladagatali næsta skólaárs til kynningar.

Helstu niðurstöður úr skólapúlsi- starfsmannakönnun kynnt og kom hún almennt mjög vel út, nema að því leyti að starfsmönnum þykir aðgengi að sérfræðipjónustu ófullnægjandi. Einnig var mikil óánægja með húsnæði og aðstöðu almennt.

Hlutfall ófaglærðra er hátt.

30% hlutfall nemenda er með annað tungumál en íslensku.

20,1 % barnanna er með sérstuðning.

Fram koma að það vantar uppá stuðning við börn með sérþarfir(frávik -19,6%), eins vantar aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skóla (frávik -27,7 %)

Skýringarnar á þessum frávikum eru minnkandi umfangs skólapijónustunnar.

Mikil ánægja starfsfólks með undirbúningstíma (+25,5%) en ósk um fleiri tækifæri til símenntunar.

2. Skýrsla Grunnskólans á Þórshöfn (GP)



Skólastjóri GP tæpti á hápunktum í skólastarfinu frá síðasta fundi, s.s. þorrablot, skólahreysti, framkoma í Landanum o.fl.. Starfið í skólanum hefur verið mjög skemmtilegt og fjölbreytt í vetur og lítið um forföll starfsfólks.

Kynntar voru niðurstöður samræmdra prófa hjá 4., 7. og 10.bekk og má merkja góðar framfarir hjá bekkjunum í öllum greinum.

Skólapúls, foreldrakönnun; Niðurstöður kynntar fyrir fundinum og voru þær í heildina séð jákvæðar. 85% svara sýna meiri ánægju með skólastarfið en landsmeðaltal skóla í samanburðarhópnum sýna en 50% svara var yfir landsmeðaltali í fyrra. Jákvæðni hefur sömuleiðis aukist í þeim flokkum sem mælast jákvæðir. Það sem kom áberandi verst út var að foreldrar telja skort á sérkennara sé mjög bagalegur og aðgengi að sérfræðingum sé ekki nógu gott, tíðni beiðna um sálfræðiþjónustu er meiri en gerist.

Foreldrar telja að einelti sé meira en börnin upplifa.

Væntingar foreldra til menntunarstigs barna sinna hafa aukist ánægjulega mikið.

Skólastjóri GP lagði fram drög að skóladagatali til kynningar.

3. Starfsmannamál Grunnskólans á Þórshöfn (GP)

Auglýst verður fyrir páska eftir kennurum í ýmsar stöður, en ekki von á miklum breytingum.

4. Gátlisti fræðslunefndar

Farið var í gegnum gátlista um ábyrgð og skyldur skólanefnda, sem og gátlista um eftirlitsþætti hjá GP.

5. Önnur mál

„Fræðslunefnd lýsir yfir áhyggjum sínum vegna niðurstaðna starfsmannakönnunar í leikskólanum Barnabóli og foreldrakönnunar Grunnskólans á Þórshöfn í Skólapúlsinum, varðandi aðgengi að sérkennslu og sérfræðiþjónustu. Þar kemur fram það mat aðila að aðgengi sé ófullnægjandi. Fræðslunefnd skorar á sveitarstjórn að leita úrbóta í þeim efnunum sem fyrst og í síðastalagi fyrir næsta skólaár.“

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00